

Sp. 415. Tillaga til þingsályktunar [236. mál]

um niðurfellingu aðflutningsgjalda og söluskatts af aðveituæðum og dreifikerfum hitaveitna.

Flm.: Sverrir Sveinsson, Jón Sveinsson, Ingvar Gíslason,
Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af aðveituæðum og dreifikerfum hitaveitna.

Greinargerð.

Á síðustu tíu árum hefur verið gert stórátak í nýtingu jarðvarma til upphitunar húsa hér á landi og á þeim tíma hefur hlutur jarðvarma í húshitun aukist úr 50% í tæp 80%. Er nú svo komið að um 77% þjóðarinnar búa við upphitun með jarðvarma. Á sama tíma hefur hlutur olíunotkunar minnkað úr 45% í 6%.

Á landinu eru starfandi 28 hitaveitur en kostnaður við upphitun frá þessum hitaveitum er allt frá því að vera innan við 10% og upp í 70% af kostnaði við upphitun með olíu. Orkustofnun vinnur að athugunum á aukinni nýtingu jarðvarma til upphitunar og iðnaðarnota. Á s. l. ári komu tvær skýrslur frá Orkustofnun um þetta efni, „Húshitunaráætlun, I. og II. hluti“. Þar eru kynntar hugmyndir um aukna nýtingu jarðvarma og frumáætlanir um 28 nýjar hitaveitur. Gerðar hafa verið kostnaðaráætlanir um jarðhitarannsóknir, boranir, lagningu aðveituæða og dreifikerfa og orkuverð fundið út frá áætludum rekstrarkostnaði.

Á síðasta löggjafarþingi var samþykkt breyting á orkulögum, nr. 58/1967. Við 53. gr. var bætt svohljóðandi ákvæði:

„Eigi skal innheimta aðflutningsgjöld og söluskatt af borverkum og aðföngum Jarðborana ríkisins vegna orkurannsóknarborana og borana til vinnslu jarðhita.“

Ljóst er að þetta hefur lækkað verulega kostnað við nýtingu jarðvarma til upphitunar þar sem stór hluti kostnaðarins er við virkjun jarðvarmans.

Flutningsmenn þessarar þátttölu benda á að ef tækist að lækka flutnings- og dreifingarkostnað heita vatnsins með því að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af aðveituæðum og dreifikerfum hitaveitna kynni að skapast grundvöllur fyrir sumar þær hitaveitur sem þegar hafa verið gerðar frumáætlanir um.

Á það skal einnig bent að fjármögnun nýrra hitaveitna hefur að langmestu leyti verið með erlendum lánum og teljum við í fyllsta máta óeðlilegt að taka erlend lán til greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts sem rennur svo til óskiptur í ríkissjóð.